



Svanurinn.is

Fréttabréf Svansins

Ágúst 2011

Staða leyfa

Í dag eru 17 íslensk fyrirtæki með umhverfsvottun Svansins, auk þess sem 16 umsóknir um Svansleyfi hafa borist Umhverfisstofnun. Nýjustu fyrirtækin eru Hótel Eldhestar sem hlaut endurvottun 15. júní og Prentmet sem bættist í hópinn 6. júlí. Við óskum báðum fyrirtækjunum til hamingju með árangurinn!

Kynningarmál

Framundan í kynningarmálum er flugtak verkefnisins Ágætis byrjun, sem við hér hjá Svaninn erum afar stolt af. Markmiðið er að kynna fyrir foreldrum ungbarna kosti þess að nota svansmerktar vörur og fræða þá um leið um vafasöm efni í ungbarnavörum. Allir foreldrar barna sem fæðast á landinu frá október 2011 til október 2012 munu fá afhentan poka með úrvali af svansmerktum barnavörum ásamt kynningarbæklingi með nánari upplýsingum um merkið og fræðslu um þau efni sem ber að varast í barnavörum. Pokum verður dreift á fæðingardeildum og heilsugæslum um allt land.

Einnig er fyrirhugað að halda málstofu fyrir alla hagsmunahópa Svansins seinna á árinu, með áherslu á að kynna reglur Svansins og fara yfir bestu leiðir til að markaðssetja Svansmerktar vörur og þjónustu. Einnig er fyrirhugað að kynna Svansmerkið nánar fyrir starfsmönnum apóteka. Við minnum á möguleikann að panta ókeypis fræðslufundi um Svaninn og umhverfismál almennt.

Á döfinni

Verið er að endurskoða viðmið Svansins fyrir prenthylki og uppþvottahandlög. Tillögur að uppfærðum og hertum viðmiðum eru í opnu umsagnarferli og er öllum frjálst að skila inn athugasemdum (fyrir 19. september f. prenthylki, fyrir 5. október f. uppþvottahandlög). Upplýsingar má nálgast á [vefsvæði Svansins](#), undir „Viðmið í endurskoðun“.

Svansteymi Íslands tekur þátt í starfsmannafundi Svansins í lok ágúst á Gotlandi þar sem m.a. verður rætt um stefnu Svansins 2012-2015. Fyrirhugaður er fundur umhverfismarkisráðs í september, auk þess sem framkvæmdastjórn Svansins fundar í Kaupmannahöfn um miðjan september.

Mannabreytingar

Anne Maria Sparf (annemaria@umhverfisstofnun.is) er mætt aftur til starfa eftir fæðingarorlof, en auk hennar starfar Elva Raket Jónsdóttir (elva@umhverfisstofnun.is) áfram í Svansmálum og í verkefninu um vistvæn innkaup. Anna Sigurveig Ragnarsdóttir (anna.ragnarsdottir@umhverfisstofnun.is) starfar áfram hjá Umhverfisstofnun og aðstoðar Svansteymið eftir þörfum. Almennar fyrirspurnir er best að senda á netfangið svanurinn@umhverfisstofnun.is

Svanurinn fyrir umhverfið og heilsu